

# Ekki einungis gullpilsin



Um 58 prósent karlmannna sem gegna stjórnarstörfum eru enn neikvæðir í garð laga um kynjakvóta. Afstaða ungra karlmannna hefur haldist nokkuð óbreytt frá setningu laganna þar sem þeir telja konurnar hefta aðgengi sitt að stjórnarstörfum. Þetta er meðal þess sem fram kemur í rannsókn dr. Auðar Örn Arnardóttur, lektors við Háskólann í Reykjavík, og dr. Þrastar Olafs Sigurjónssonar, dósents við viðskiptadeild sama skóla.

Rannsóknin sneri að því hvernig fyrirtæki, sem falla undir lög sem m.a. kveða á um um kynjakvóta í stjórn- um fyrirtækja, hafa unnið að breytingum á stjórnarskipan vegna innleiðingar laganna. Lögin voru samþykkt í mars 2010 og kveða á um að nauðsynlegt sé að vægi hvors kyns sé að lágmarki 40 prósent í stjórn- um fyrirtækja með fleiri en 50 starfsmenn. Lögin tóku strax gildi hjá opinberum hlutafélögum, en hlutafélögum, einkahlutafélögum og samlagshlutafélögum var gefinn aðlögunartími til 1. september 2013. Rúmt ár er því liðið frá því að aðlögunartíminn rann út.

## Refsiákvæði í lögin?

Ljóst er þó að enn er nokkur fjöldi stjórna án kvenna innanborðs árið 2014. Auður Arna segir að hvert einasta félag í Kauphöllinni hafi brugðist strax við en viðbrögðin hafa verið hægari hjá minni fyrirtækjum. Aðspurð hvað hægt sé að gera til að knýja fram eftirfylgni bendir hún á að Norðmenn hafi farið þá leið að hafa refsíákvæði í lögunum en það sé hins vegar ekki á Íslandi.

Auður segir umræðuna á stjórnarfundum vera það sem raunverulega hefur breyst frá setningu laganna. „Hún er nú tekin frá ólíkari sjónarhornum. Umræðan og fyrirtækjabragurinn er að breytast og karlar og konur eru almennt sammála um það,“ segir hún.

## Innflæði af nýjum konum

260 stjórnarmenn sem alls skipa 800 stjórnarsæti svöruðu spurningarlista sem lagður var fyrir í rannsókn- inni en 11 stjórnarmenn og 11 stjórnarkonur voru þar að auki tekin í viðtal. Konur voru alls 41 prósent viðmælenda. Í ljós kom að nokkurt innflæði var af nýjum einstaklingum í stjórnir í kjölfar lagasetningarinnar, en þó var fremur leitað til kvenna sem áður höfðu reynt af stjórnarsetu.

Ekki var þó marktækur munur á því hversu mörgum stjórnnum þátttakendur áttu sæti í. Konurnar sátu að meðaltali í 2,9 stjórnnum og karlmennirnir að meðaltali í 3,4 stjórnnum. Alls voru 22,8 prósent kvenkynssvar- enda í tveimur stjórnnum en 22,4 prósent karlmannna. Auður segir þetta kollvarpa þeirri forspá sem margir viðruðu við setningu laganna. „Margir töldu að við hefðum svo fáar hæfar konur að þetta yrðu alltaf sömu konurnar í öllum stjórnnum, umtöluðu „gullpilsin“ eða atvinnustjórnarkonur. Við erum hins vegar að sjá nýtt fólk og það er hópur kvenna að koma nýr inn og þær sitja alla jafna í einum til tveimur stjórnnum,“ segir Auður.

## Líta til fleiri þátta en pípulagna

Samkvæmt rannsókninni hefur afstaða kvenna til löggjafarinnar um kynjakvóta orðið jákvæðari, eða farið úr 58 prósent í 77 prósent. Afstaða karla til löggjafarinnar hefur þá einnig farið batnandi, eða úr 33 prósent í 42 prósent, en eru þó neikvæðari í afstöðu sinni en konur. Aðspurð hvað helst valdi óánægjunni meðal karl- manna segir Auður að við nánari skoðun séu það einkum yngri karlmenn sem standa óhaggaðir í viðhorf- um. „Það kemur kannski ekki á óvart þegar litið er til þess að þetta er einkum hópurinn sem helst verður

fyrir barðinu á löggjöfinni," segir hún og vísar til þess að aðkoma ungra manna að stjórnun verður erfiðari þar sem eldri og reyndari menn séu þá fremur valdir en konur taki hins vegar þeirra sæti. „Peir töluðu helst um að það væri of mikil einföldum að líta bara á þetta út frá kyni - líta ætti til fleiri þátta en bara pípulagnanna," segir Auður.

Aðspurð hvernig þeir karlmenn voru valdir sem þurftu að víkja fyrir konum eftir lagasetninguna segir hún það síður hafa gerst að karlmönnum væri skipt út. „Stjórnirnar voru stækkaðar og sæti voru búin til fyrir konur. Til dæmis er stjórn sem áður var fimm manna orðin sjö manna í dag," segir hún.

## Nýr umræðuvettvangur

Þá segir hún valferlið við val á nýjum stjórnarmanni alla jafnan hafa verið óformlegt, þar sem samsetning stjórnarinnar var ef til vill ekki greind út frá þörfum fyrirtækisins. „Fólkið er mjög hæft og það er enginn afsláttur gefinn af því en það virðist frekar litið til einstaklingsins en samsetningu hópsins. Við ættum að vera komin lengra á leið í þeirri hugsun," segir hún. Þá segir hún samhljóm vera um að núna þegar búið er að hrista upp í kerfinu hafi skapast umræðuvettvangur fyrir þessa hluti og spurningarmerki séu frekar sett við gamlar hugmyndir um skipulagið á þessum vettvangi.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar á [morgunfundi í Háskóla Reykjavíkur](#) í morgun og þá greindi Morten Huse prófessor frá BI í Oslo frá árangri og þróun á alþjóðlegum vettvangi, en hann er einn helsti fræðimaður í dag á sviði stjórnarháttá fyrirtækja og kynjakvóta.



Auður Arna Arnardóttir



77% kvenna eru jákvæðar gagvart löggjöfinni en 42% karla. [mbl.is/Golli](http://mbl.is/Golli)





Enn eru ekki konur í stjórnnum allra fyrirtækja sem eiga undir lög um kynjakvóta. Af vef Evrópuvaktarinnar